

Heimilisfræði 6.bekkur

Kennarar: Dagný Baldursdóttir

6

Skólaárið

2025 - 2026

Helstu námsþættir vetrarins

Lögð verður áhersla á að nemendur þekki og geti notað algengustu áhöld og mælitæki í eldhúsinu og geti matreitt einfaldar máltíðir með tilliti til fæðuhringsins. Nemendur fá þjálfun í að lesa og skilja einfaldar umbúðarmerkingar. Farið verður yfir hlutverk orkuefnana í fæðunni.

Nemendur fá þjálfun í að fara eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif.

Nemendur fá þjálfun í að vinna með öðrum, leggja sitt af mörkum í samvinnu og að taka leiðsögn. Unnið verður með að vera kurteis og hjálpsamur ásamt því að geta hlustað á aðra og virt skoðanir þeirra.

Kennsluskipulag vetrarins með fyrirvara um breytingar

Bekknum er skipt í fjóra hópa og er hópunum kennt í fjórum lotum yfir veturinn. Hver hópur fær tvær kennslustundir á viku, 60 min í senn.

Námsaðlögun

Verkefni eru útskýrð fyrir öllum hópnum í einu fyrst. Nemendum er svo skipt í tveggja manna hópa til að vinna verkefnin og er einstaklingsaðstoð veitt svo allir nái sem bestum tókum á þeim aðferðum sem verið er að kenna.

Námsmat

Þeir þættir sem horft er til í námsmati eru áhugi, stundvísi, vinnubrögð, frágangur, samvinna og framkoma.

Leiðbeinandi símat er í hverri kennslustund. Lögð er áhersla á að leiðbeina á uppbyggjandi hátt og hrósa fyrir góð vinnubrögð.

Námsgögn

Gott og gagnlegt 2.